

I VERU
Júní/júlí 1990

AD PINGI LOKNU

1989-1990

Pá er komið að því að taka saman afrikstur starfs Kvennalistans á Alþingi að loknu 112. löggjafarþingi. Við höfum átt fulltrúa á Alþingi síðan 1983 eins og alkunna er og nú er aðeins einn vetur eftir af yfirstandandi kjörtímabili. Hvað hefur áunnist er áleitin spurning sem við spyrjum okkur eflaust allar. Svörin eru vitanlega misjöfn og fara eflaust eftir því hvaða hugmyndir hver og ein hafði í upphafi um möguleika okkar til að ná árangri og hversu langan tíma við þyrftum til að koma kvenfrelsissjónarmiðum okkar í framkvæmd.

Snúum okkur þá að fyrrnefndu 112. löggjafarþingi. Að fyrsta degi þess, þann 10. október lá fyrir bréf frá Kristinu Halldórsdóttur, þingkonu Kvennalistans, Reykjanesi þar sem hún tilkynnti að hún segði af sér þingmennsku i samræmi við yfirlýsingar Kvennalistans fyrir kosningar. Við sæti hennar tók Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Ein varaþingkona kom inn á þing fyrir Kvennalistann sí, vetur, en það var Sigríður Lilly Baldursdóttir úr Reykjavík.

En fyrir hvað verður þessa þings minnst? Frá okkar bæjardyrum séð var þetta þing fremur rislitið, það gafst lítill tími til vandaðrar umfjöllunar um mál eins og umhverfisráðuneyti, virkjanir vegna nýs álvers, fiskveiðistjórnun og viðræður EFTA og EB. Öll voru þessi mál afgreidd og þá eftir höfði stjórnarherranna, önnur sjónarmið komu fram en breyttu litlu sem engu. Að þau var ekki hlustað.

Hvað með Kvennalistann náðum við okkar málum fram? Vitanlega hefðum við viljað fá öll okkar mál samþykkt og getað sagt að þingi loknu að staða kvenna á Íslandi hefði stórbatnað, miklar framfarir hefðu orðið í skólamálum, heilbrigðismálum, atvinnumálum, tryggingamálum, efnahagsmálum og svo mætti lengi telja. En við erum því miður í stjórnarandstöðu ennþá en kannski breytist það eftir næstu kosningar. Hins vegar reyndum við hvað við gátum og lögðu kvennalistakonur fram 14 lagafrumvörp og voru fjögur þeirra afgreidd, 1 samþykkt og þrem var vísað til ríkisstjórnarinnar. Við lögðum fram 16 þingsályktunartillögur og voru 9 afgreiddar, 7 samþykktar og tvæim var vísað til ríkisstjórnarinnar. Það er rétt að taka það

fram að þó að málum sé vísað til ríkisstjórnarinnar er alls ekki þar með sagt að þau nái fram að ganga. Loks eru það fyrirspurnirnar, en kvennalistakonur voru iðnar við að leggja fram fyrirspurnir í vetur. Urðu þær alls 62 og snerta hin fjölbreytilegstu málefni eins og t.d. grunnskóla, nýtt álver, glasafrjóvganir, vernd barna og ungmenna, húsnæðismál, virðisaukaskatt, leikskóla, atvinnumál kvenna og stöðu jafnréttismála.

Frumvörpi

Eins og fyrr segir þá voru fjögur frumvörp frá Kvennalistanum afgreidd sl. vetur. Þrem var vísað til ríkisstjórnarinnar, í fyrsta lagi, frumvarpi um umönnunararbætur til handa þeim sem annast elli- eða örorkulifeyrisþega í heimahúsum. **2.** Öðru lagi frumvarpi um að nemendum grunnskólanna verði gefinn kostur á að kynnast menningarstarfsemi af ýmsu tagi; t.d. með því að sækja listsýningar og heimsækja söfn. **3.** Þriðja lagi var frumvarpi okkar um að einstæðum foreldrum verði heimilt að nýta ónotaðan persónuafslátt barna sinna sem búa í heimahúsum vísað til ríkisstjórnarinnar. Vissulega hefðum við kosið að frumvörpin þrjú hefðu einfaldlega verið samþykkt og orðið að lögum, en svo var ekki eins og fram hefur komið.

Þá er komið að eina frumvarpi Kvennalistans sem var samþykkt sl. vetur, en það fjallar um öryggi á vinnustöðum og snertir fyrst og fremst öryggi barna og ungmenna. Samkvæmt lögum er nú bannað að ráða börn yngri en 14 ára til annarra starfa en þeirra sem teljast létt og hættulítill. Bannað er að láta börn á aldrinum 14 og 15 ára, né heldur þau sem yngri eru vinna við hættulegar vélar og við hættulegar aðstæður.

Bingsályktunartillögur

Þá eru það tillögurnar okkar, en alls fluttu þingkonur Kvennalistans 16 bingsályktunartillögur og eins og fram hefur komið þá voru 9 þeirra afgreiddar.

Víkjum þá að samþykktu tillögunum sjö þar skal fyrst nefna tillögu um tæknifrjóvganir þar sem ríkisstjórninni er falið að leggja hið fyrst fyrir Alþingi frumvarp til laga um tæknifrjóvganir, m.a. að því er varðar réttarstöðu og tryggingamál þeirra sem hlut eiga að máli.

2.

Önnur tillaga Kvænnalistans sem var samþykkt fjallar um nýja atvinnumöguleika á landsbyggðinni þar sem sérstök áhersla yrði lögð á að nýta nútíma tölву og fjarskiptatækni. Lagt er til að sérstaklega verði kannaðir möguleikar á að nýta þessa tækni til að koma á laggirnar fjarvinnustofum úti um landið.

Tillaga okkar um ~~3~~ endurskoðun á útreikningi þjóðhagsstærða var samþykkt með litlum breytingum þann 5. maí. Tillagan er svohljóðandi; "Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna aðferðir við útreikning þjóðhagsstærða þar sem tekið sé tillit til áhrifa framleiðslustarfsemi á umhverfi og náttúrulegar auðlindir. Í þessu skyni verði komið skipulagi á hagskýrslugerð um umhverfismál og nýtingu auðlinda og fylgst með því sem er að gerast erlendis á þessu sviði." Tillagan heitir nú tillaga til þingsályktunar um nýjar aðferðir við útreikning þjóðhagsstærða.

4.

Kvænnistakonur lögðu fram tillögu sl. veturnum könnun á ofbeldi í myndmiðlum og þann 26. apríl sl. var hún samþykkt með þó nokkrum breytingum og hljóðar nú svona; Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að dregið verði verulega úr því ofbeldi sem börnum og öðrum er sýnt í sjónvarpi, kvíkmyndum og á myndböndum og að gerðar verði nauðsynlegar kannanir í þessu skyni." Í samræmi við þær breytingar sem urðu á tillögunni breyttist nafn hennar og varð tillaga til þingsályktunar um að draga úr ofbeldi í myndmiðlum.

Danfriður Skarphéðinsdóttir var fyrsti flutningsmaður tillögu um ~~5~~ leiðsögumenn í skipulögðum hópferðum erlendra aðila á Íslandi, en sú tillaga var samþykkt nokkuð breytt þann 23. apríl sl. Niðurstaðan varð að lagt er til að skipuð verði nefnd sem eigi að endurskoða reglugerð um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni. Í nefndinni eigi sæti einn fulltrúi frá hverjum eftirfarandi aðilum: samgönguráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Félagi leiðsögumanna, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa og ferðafélögum áhugamanna. Nefndin á að hafa lokið störfum fyrir 1. janúar 1991. Meðflutningsmenn að tillögunni komu úr öllum flokkum nema Sjálfstæðisflokkini.

6.

Tillaga Kvennalistans um mótuneyti og heimavistir fyrir framhaldsskólanemendur var samþykkt með svolitlum orðalagsbreytingum þannig að eftir stendur að ríkisstjórninni er falið að gera áætlun með miði að því að leysa mótneytis- og húsnæðisvanda framhaldsskólanema sem stunda nám fjarri sinni heimabyggð og marka stefnu um framkvæmdir í þessu skyni. Það er ljóst að stór hópur fólks utan af landi þarf að sækja nám í ýmsa sérskóla á höfuðborgarsvæðinu fjarri heimahögum og fjölskyldu. Margir geta leigt eða dvalist hjá ættingjum en alls ekki allir og það var ekki síst vegna þessa hóps sem þessi tillaga var lögð fram.

Kristín Einarsdóttir var fyrsti flutningsmaður tillögu um 7 öryggi i óbyggðaferðum þar sem lagt var til að ríkisstjórninni væri falið að gera ráðstafanir til að bæta öryggi þeirra sem ferðast í óbyggðum með því að samræma og setja reglur og lög eftir því sem við á og með því að skipuleggja fræðslu, ráðgjöf og upplýsingar til ferðafólks. Tillagan var samþykkt í febrúar og voru meðflutningsmenn að tillögunni úr öllum flokkum.

Pá eru það loks tillögurnar tvar sem var vísað til ríkisstjórnarinnar á síðustu dögum þingsins. Það er annars vegar 1. tillaga um réttindi og skyldur á vinnumarkaði þar sem lagt er til að félagsmálaráðherra verði falið að skipa sérstaka nefnd er kanni ýmis atriði er varða hvernig tryggja megi að fólk á vinnumarkaðnum þekki réttindi sín og skyldur og hvernig tryggja megi einstaklingum er starfa sem verktakar sambærileg kjör og öðrum launþegum. Hins vegar var tillögu Kvennalistans 2 um skipulega fræðslu og leiðsögn fyrir útlendinga sem taka sér búsetu á Íslandi vísað til ríkisstjórnarinnar sem Alþingi hefur þar með falið að sjá um að útlendingar sem taka sér búsetu á Íslandi hljóti skipulega fræðslu og leiðsögn m.a. um réttindi og skyldur íslenskra þjóðfélagsþegna og um íslenska þjóðfélagið og helstu stofnanir þess.

Þar með er þessari yfirferð lokið og vonandi eru lesendur Veru einhverju nær um starfið á Alþingi sl. vetur ef frekari upplýsinga er velkomið að leita til starfskvenna Kvennalistans.